



Fundargerð aðalfundar 2022

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2022 var haldinn í húsakynnum félagsins að Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, 29. júní 2022 kl. 14:30. Mættir voru fulltrúar 7 hluthafa sem eiga 79,24 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Fundurinn kaus Sigríði Harradóttir fulltrúa, fundarstjóra og Stefaníu Gunnarsdóttur, ritara. Fundarstjóri lýsti því að löglega hafi verið til fundarins boðað og fundurinn væri sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Væri fundurinn því lögmætur.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, stjórnarkona, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn.

Ársreikningurinn var samþykktur einróma.

3. Ekki lágu fyrir tillögur um breytingar á samþykktum.
4. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins:

- Viktor Jens Vigfússon (kt. 200767-4039), aðalmaður.
- Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059), aðalmaður.
- Pálína Magnúsdóttir (kt. 151163-7269), aðalmaður.
- Árni Konráð Bjarnason (kt. 130459-6179), aðalmaður.
- Hrafn Hlynsson, (kt. 170386-3109), varamaður.
- Stefanía Gunnarsdóttir (kt. 311071-5219), varamaður.


Þá var gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun yrði kjörinn endurskoðandi, og var tillagan samþykkt samhljóða.

5. Lögð var fram tillaga um að hagnaður af rekstri ársins 2021 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess. Samþykkt einróma.
6. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2022 til aðalfundar 2023 hækki um 4% og verði því kr. 34.398 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
7. Önnur mál.

Sköpuðust umræður um nýtt kerfi. Mikil ánægja með kerfið og innleiðingu þess, fundurinn færir framkvæmdastjóra og starfsfólki kærar þakkir fyrir.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15.08.


Sigríður Harradóttir


Stefanía Gunnarsdóttir